


Handbók doktorsnáms

við Menntavísindasvið Háskóla Íslands



HÍ

MENNTAVÍSINDASVIÐ

Tímalína doktorsnáms

Yfirlitsmynd sem lýsir doktorsnáminu og litakóði þessarar handbókar



Efnisyfirlit

Tímalína doktorsnáms.....	2
Frá umsókn til inntöku í nám	6
Verkferill um inntöku í doktorsnám við MVS.....	6
Fyrstu skrefin – doktorsnám hefst	8
Ferill doktorsnáms	8
Skráning í doktorsnám	8
Doktorsnefnd	8
Samstarf doktorsnema og leiðbeinenda.....	10
Kennsluskrá, námskeið og málstofur	11
Fjármögnun.....	12
A til Ö í doktorsnáminu	13
Alþjóðasvið Háskóla Íslands	13
Doktorsnáman.....	13
Doktorsnámsnefnd	13
FEDON	13
Félag doktorsnema við Menntavísindasvið	13
Framvinda og framvinduskýrslur	14
Höfundarréttur.....	14
Mat á fyrra námi	14
Menntavísindastofnun	14
Miðstöð framhaldsnáms	14
M.Phil.	15
Náms- og starfsráðgjöf.....	15
Námsáætlun.....	15
Námskeið erlendis og samningar vegna þeirra.....	15
Rannsóknaráætlun	15
Ritver Háskóla Íslands	15
Sameiginleg gráða	16
Siðareglur og meðferð persónuupplýsinga.....	16
Sjóðir og styrkir í Háskóla Íslands.....	16
Aðrir sjóðir	16
Umboðsmaður doktorsnema.....	16
Vinnuaðstaða	16
Áfangamat – mikilvæg varða í doktorsnáminu	17

Áfangamat.....	17
Markmið áfangamats	18
Skipan áfangamatsnefndar	18
Framkvæmd áfangamatsins.....	18
Skýrsla um áfangamatið	19
Doktorsritgerðin – reglur um fræðileg skrif	20
Doktorsritgerð	20
Doktorsverkefni í formi vísindagreina.....	20
Frágangur og skil doktorsritgerðar.....	20
Viðmið fyrir mat á doktorsritgerð	21
Doktorsvörnin – lokaskrefin stigin	23
Aðdragandi doktorsvarnar	23
Doktorsvörn	24
Markmið doktorsvarnar	24
Undirbúningur og tímaáætlun vegna doktorsvarnar	25
Lýsing á doktorsvörninni	26
Viðaukar	28
Skriflegt samkomulag í upphafi doktorsnáms.....	29
Skýrsla (fundargerð) um fund nema og leiðbeinanda	30
Gátlisti doktorsnema fyrir doktorsvörn	31
Í aðdraganda varnar:.....	31
Vörnin sjálf:	31

Þessi handbók er ætluð doktorsnemum og leiðbeinendum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og öðrum þeim sem áhuga eða aðkomu hafa að náminu. Handbókin er tekin saman af [Doktorsnámsnefnd](#) sviðsins og er uppfærð reglulega. Doktorsnemar eru hvattir til að kynna sér vel reglur og viðmið um doktorsnám við Háskóla Íslands. Sjá [Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við HÍ](#). Fjallað er um doktorsnám við háskólann í VI. kafla [Reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009](#).

Líkt og önnur fræðasvið hefur Menntavísindasvið sérstakar [reglur um doktorsnám við sviðið](#).

Upplýsingar um [doktorsnám á Menntavísindasviði](#) eru á ytri vef Háskóla Íslands.

Verkefnastjórar doktorsnáms á Menntavísindasviði hafa aðsetur á [Menntavísindastofnun](#).

Frá umsókn til inntöku í nám

Vönduð Rannsóknaráætlun er lykilatriði í árangursríkri umsókn um doktorsnám. Þá er talinn kostur að geta bent á eða hafa haft samband við mögulegan leiðbeinanda þegar umsókn er send inn. Fjármögnun er ekki skilyrði fyrir því að fá inngöngu í doktorsnám á Menntavísindasviði en umsækjendur eru beðnir að gera grein fyrir því hvernig þeir hyggjast framfleyta sér.

Leiðbeiningar um uppsetningu umsóknar og hvað umsókn þarf að innihalda koma fram á [vef doktorsnámsins](#) undir **+Umsókn um doktorsnám**. Öll gögn þurfa að liggja fyrir svo umsókn verði tekin fyrir af [Doktorsnámsnefnd](#) sviðsins.

Inntaka doktorsnema við Menntavísindasvið getur í fyrsta lagi verið eftir almennt umsóknarferli um doktorsnám, í öðru lagi eftir að umsækjendur hafa verið ráðnir að styrktum rannsóknarverkefnum við sviðið, og í þriðja lagi eftir að nemendur hafa sótt um nám samhliða styrkumsókn.

Verkferill um inntöku í doktorsnám við MVS

Doktorsnám við Menntavísindasvið er auglýst á vef HÍ. Einstaklingur, sem hefur lokið meistaraþrófi eða sambærilegu prófi frá viðurkenndum háskóla, getur sótt um inngöngu í doktorsnám. Umsækjandi skal að jafnaði hafa lokið 30 eininga meistararitgerð. Við inntöku er tekið mið af námsárangri og starfsreynslu umsækjanda. Ef umsækjandi hyggst hefja doktorsnám strax að loknu meistaraþrófi getur hann sótt um það áður en hann lýkur prófi ef fyrir liggur staðfesting um að hann ljúki náminu með fullnægjandi árangri áður en doktorsnám hefst.

Í samræmi við 4. tölulið 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 er ekki heimilt að taka akademískan starfsmann í deild inn í doktorsnám við viðkomandi deild. Í ljósi þess að doktorsnám við Menntavísindasvið er starfrækt þvert á deildir sviðsins er að öðru jöfnu ekki heimilt að taka akademískan starfsmann á Menntavísindasviði inn í doktorsnám við sviðið.

Umsókn um doktorsnám er skilað rafrænt sbr. leiðbeiningar sem birtar eru á [vef Menntavísindasviðs](#). Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteinum, drög að námsáætlun, greinargerð um faglegar forsendur umsækjanda til að leggja stund á námið og drög að rannsóknaráætlun. Með umsókn um doktorsnám skulu fylgja umsagnir tveggja óháðra meðmælenda sem þekkja til hæfni umsækjanda í námi eða rannsóknum og eru meðmælin send beint til Menntavísindasviðs á þar til gerðum eyðublöðum.

Nemendaskrá HÍ fer yfir og skráir umsóknir og athugar hvort tilskilin gögn fylgja.

Doktorsnámsnefnd fjallar síðan um og leggur mat á umsóknir og kallar umsækjendur í viðtal ef umsókn er fullnægjandi. Nefndin leitar til sérfræðinga á sviðinu þar sem við á.

Doktorsnámsnefnd undirbýr tillögu um inntöku til stjórnar Menntavísindasviðs sem samrýmist eftirfarandi forsendum:

- Umsækjandi er talinn hæfur til að takast á við nám á doktorsstigi og sinna krefjandi rannsóknarstörfum.

- Tiltækir eru sérfræðingar á því fræðasviði, sem rannsóknin tekur til, sem geta tekið að sér leiðsögn umsækjanda og mat á rannsóknarverkefni.
- Fjárhagslegur grundvöllur er til að sinna doktorsnema og viðunandi námsaðstæður eru fyrir hendi.

Tillagan er tekin til umfjöllunar í stjórn Menntavísindasviðs. Eftir að stjórn Menntavísindasviðs hefur afgreitt umsókn svarar verkefnastjóri doktorsnáms umsækjanda skriflega fyrir hönd forseta fræðasviðs. Umsækjanda skal svara skriflega innan tveggja mánaða eftir að umsóknarfrestur rann út.

Almennt er tekið inn í doktorsnámið tvisvar á ári, samkvæmt því ferli sem lýst er hér að ofan og nánar má sjá í [reglum um doktorsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands](#). Það eru þó undantekningar á því þegar doktorsnemar eru teknir inn á styrkjum. Þá er valið úr hópi umsækjenda um styrkinn og þeim sem eru ráðin er gert að sækja formlega um doktorsnám sem fyrst og alls ekki síðar en þremur mánuðum eftir undirritun ráðningarsamnings. Þá afgreiðir doktorsnámsnefnd umsóknina. Fulltrúi doktorsnámsnefndar er með í ráðningarferlinu. Ráðning við rannsóknarverkefni hefur ekki sjálfkrafa í för með sér inntöku í doktorsnámið.

Fyrstu skrefin – doktorsnám hefst

Á hverju hausti er haldinn kynningarfundur fyrir nýja doktorsnema og leiðbeinendur þeirra til að kynna Menntavísindasvið og fara yfir það helsta sem nýir doktorsnemar þurfa að vita.

Ferill doktorsnáms

1. [Inntaka](#) (eftir sjálfstæða umsókn eða eftir ráðningu að styrktu verkefni).

Strax í byrjun:

2. Skipun aðalleiðbeinanda og meðleiðbeinanda. Samþykkt viljayfirlýsingar í Doktorsnámunni.
3. [Skriflegt samkomulag í upphafi doktorsnáms](#) á milli nema og leiðbeinanda
4. [Rannsóknaráætlun](#) og [Námsáætlun](#) (val námskeiða).

Eftir 12 til 24 mánuði (miðað við fullt nám):

5. Undirbúningur áfangamats
6. [Áfangamat](#) (innan tveggja ára frá inntöku)
7. [Doktorsnefnd](#) fullskipuð (3 til 5 manna)

Undir lokin:

8. Um 6 mánuðum fyrir vörn skal liggja fyrir beiðni til doktorsnámsnefndar frá doktorsnefnd um að doktorsvörn fari fram ásamt rökstuddri beiðni um andmælendur við vörnina. Minnst fjórum mánuðum fyrir vörn skal ritgerð vera tilbúin og samþykkt af doktorsnefnd og sendir verkefnastjóri hana þá til andmælenda, eftir skimun fulltrúa doktorsnámsnefndar.
9. [Doktorsvörn](#)

Skráning í doktorsnám

Doktorsnemar bera ábyrgð á að skrá sig í námið og að borga árlegt skráningargjald. Ógreitt skráningargjald jafngildir því að viðkomandi hafi hætt námi. Hægt er að sækja um leyfi frá doktorsnámi í eitt ár á námstímanum og skal þá greiða leyfisgjald, skv. 48. gr. [Reglna fyrir Háskóla Íslands](#).

Umsýslukerfi doktorsnámsins heitir [Doktorsnáman](#) og þar skila doktorsnemar inn framvinduskýrslum og geta sent inn beiðnir m.a. um breytingu námshlutfalls eða námsleyfi.

Doktorsnefnd

Hverjum doktorsnema er skipuð doktorsnefnd þar sem sitja aðalleiðbeinandi og meðleiðbeinandi og skulu þeir að öðru jöfnu skipaðir við inntöku, meðleiðbeinandi ekki síðar en 6 mánuðum eftir inntöku. Einn eða fleiri sérfræðingar á sviði verkefnisins (allt að þrír) taka einnig sæti í doktorsnefnd á námstímanum. Hlutverk doktorsnefndar er að:

- aðstoða doktorsefni við gerð rannsóknaráætlunar og fylgjast með því að framgangur námsins sé í samræmi við reglur sviðsins. Hún leggur mat á rannsóknaráætlun og tryggir gæði rannsóknarvinnunnar.
- fylgjast með og stuðla að því að doktorsnemi taki virkan þátt í fræðasamfélagi sviðsins og í alþjóðlegri fræðastarfsemi.

- taka þátt í formlegu áfangamati á rannsóknarverkefni doktorsnema sem fer fram eigi síðar en tveimur árum eftir að nám hófst.
- skila rökstuddu álitni til doktorsnámsnefndar, áður en til doktorsvarnar kemur, um að veita skuli doktorsefni kost á leggja ritgerðina fram til varnar.

Allir doktorsnemar hafa umsjónarkennara sem er að öðru jöfnu jafnframt aðalleiðbeinandi doktorsnema nema aðalleiðbeinandi sé utan Menntavísindasviðs eða emeritus við sviðið. Umsjónarkennari sér um samskipti við stjórnslu en aðalleiðbeinandi ber ábyrgð á hinni akademísku vinnu. Ferðakostnaður leiðbeinenda búsettra erlendis er ekki greiddur. Þó er greiddur ferðakostnaður aðalleiðbeinanda búsetts erlendis til að komast á doktorsvörn. Umsjónarkennari getur hlutast til um að meðleiðbeinandi eða sérfræðingar í doktorsnefnd búsettir erlendis geti afsalað sér tímum fyrir leiðsögn í skiptum fyrir greiddan ferðakostnað til að vera við doktorsvörn ef óskað er eftir því.

Doktorsnefnd er ekki fullskipuð fyrr en eftir áfangamat og lýkur störfum þegar doktorsritgerð hefur verið varin. Aðalleiðbeinandi ber ábyrgð á að doktorsnefndarmeðlimir séu skipaðir og sendir rökstuddar beiðnir þess efnis til doktorsnámsnefndar. Meðlimir eru valdir í samráði við doktorsnema.

Öll doktorsnefnd doktorsnema þarf að vera tilgreind í Doktorsnámunni ásamt hlutverkum þeirra í nefndinni. Mikilvægast er að umsjónarkennari sé tilgreindur enda eiga öll samskipti að fara í gegnum hann og hann á að halda öðrum í doktorsnefnd upplýstum um stöðu verkefnis, vörður á námstímanum, tímaáætlun o.fl. á hverjum tíma.

Skipunarbréf þarf að gera um leið og doktorsnámsnefnd samþykkir aðila í doktorsnefnd og senda viðkomandi sem fyrst. Skipunarbréf þarf að skjala við viðkomandi doktorsnema í Doktorsnámunni.

Fara þarf vandlega yfir handrit doktorsritgerðar m.t.t. þess að doktorsnefnd sé rétt skráð og í samræmi við þá skráningu sem liggur fyrir í Doktorsnámunni enda hafi allar upplýsingar ratað réttar þar inn.

Ef aðalleiðbeinandi getur ekki sinnt leiðsögn yfir lengri tímabil, t.d. vegna veikinda, skal meðleiðbeinandi taka við.

Doktorsnámsnefnd hefur samþykkt eftirfarandi um hæfi leiðbeinenda doktorsnema við Menntavísindasvið:

Hver doktorsnemi hefur frá upphafi að minnsta kosti einn aðalleiðbeinanda. Að jafnaði er við það miðað að meðleiðbeinandi sé einnig skipaður skömmu eftir inntöku nemanda. Bæði meðleiðbeinandi og aðalleiðbeinandi kallast leiðbeinendur í þessum reglum.

Leiðbeinendur leiðbeina doktorsnema í rannsóknarverkefni, aðstoða nemandann eins og kostur er við öflun styrkja til fjármögnunar námsins og við að öðlast þá þekkingu, leikni og hæfni sem krafist er við lok doktorsgráðunnar.

Doktorsnámsnefnd Menntavísindasviðs getur heimilað doktorsnema að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir faglegar kröfur sem gerðar eru í þessum reglum. Sé aðalleiðbeinandi utan Menntavísindasviðs skal skipaður umsjónarkennari úr hópi fastráðinna akademískra starfsmanna fræðasviðsins (sbr. 7. gr. í Reglum um doktorsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, nr. 440/2018).

Leiðbeinendur skulu að jafnaði:

- Hafa lokið doktorsprófi á viðkomandi fagsviði.
- Vera viðurkenndir og virkir sérfræðingar á viðkomandi fagsviði, og hafa birt ritsmíðar sem m.a. tengjast fagsviði nemanda, á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.
- Hafa reynslu af rannsóknasamstarfi með alþjóðlega viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi fagsviði.

Að jafnaði skal aðalleiðbeinandi að auki hafa:

- Hæfi dósents.
- Að minnsta kosti 15 aflstig á ári að meðaltali undanfarin 3, 4 eða 5 ár.
- Reynslu af leiðsögn. Það telst næg reynsla að hafa verið meðleiðbeinandi eins doktorsnema sem hefur staðist áfangamat eða hafa leiðbeint þremur nemendum við skrif meistararitgerða sem hafa staðist mat prófdómara.

Æskilegt er að leiðbeinendur taki virkan þátt í samræðu um hlutverk sitt og afli sér þekkingar um leiðsögn í gegnum námskeið eða jafningafræðslu.

Við upphaf doktorsnáms undirrita leiðbeinendur og doktorsnemi samstarfssamning.

Samstarf doktorsnema og leiðbeinenda

Í upphafi leiðsagnar er eðlilegt að ræða saman um inntak og form leiðsagnarinnar, skuldbindingu hvors um sig, hversu oft áætlað er að hittast, hve lengi hverju sinni og hvaða kröfur meggi gera um tíma leiðbeinanda og vinnu. Leiðbeinendur hafa ákveðið tímamagn til ráðstöfunar vegna leiðsagnarinnar. Öllum námskröfum skal að jafnaði hafa verið mætt innan fjögurra ára, sé doktorsneminn í fullu námi, en innan átta ára sé hann í hlutanámi. Miðað er við þann dag er neminn skráði sig fyrst til doktorsnáms. Ef doktorsnema tekst ekki að ljúka náminu á tilsettum tíma skal doktorsnámsnefnd óska eftir skýringum frá doktorsnema og umsjónarkennara og eftir atvikum veita aukinn frest eða mæla með að nemandi verði skráður í skilgreinda M.Phil.-námsleið.

Gert er ráð fyrir að leiðbeinandi og nemandi hittist reglulega á námstímanum. Í samstarfssamningi sem undirritaður er í upphafi er m.a. komið inn á tíðni funda (sjá samning í viðauka). Mælt er með að fundir séu haldnir um einu sinni í mánuði a.m.k. yfir vetrartímann, óháð því hvort nemi er í hlutanámi eða ekki. Ef aðalleiðbeinandi starfar ekki við Menntavísindasvið Háskóla Íslands skal skipaður umsjónarkennari úr hópi fastráðinna akademískra starfsmanna sviðsins. Ef um formlegt rannsóknarverkefni er að ræða skulu doktorsnemi og leiðbeinandi fylla út Samkomulag um rannsóknarsamstarf, sjá nánar [hér](#).

Doktorsnemi skal halda skrá yfir fundi nema og leiðbeinenda og gera fundargerð eftir hvern fund (sjá viðauka) en slíkt nýtist vel í framvinduskýrslu og tryggir sameiginlegan skilning.

Hlutverk leiðbeinenda er fyrst og fremst að veita doktorsnema ráðgjöf, stuðning og hvatningu. Þeir eiga ekki að stýra verkinu að öðru leyti en því að þeim ber að gæta þess að vinnan sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til doktorsverkefna. Doktorsnema ber ekki skylda til að fara í einu og öllu eftir leiðbeiningum leiðbeinenda. Doktorsverkefnið er verkefni nemans.

Komi upp ágreiningur á milli leiðbeinenda eða leiðbeinanda og doktorsnema skal honum, samkvæmt reglum um doktorsnám á Menntavísindasviði, vísað til doktorsnámsnefndar sem eftir atvikum gerir tillögu um úrlausn. Doktorsneminn getur einnig leitað til [Umboðsmanns doktorsnema](#) eða fulltrúa doktorsnema í doktorsnámsnefnd.

Ef leiðbeinandi hyggst ráðleggja doktorsnema að skrá sig úr doktorsnámi vegna þess að nemi stenst ekki kröfur leiðbeinanda um rannsóknarhæfni ber leiðbeinanda að láta doktorsnámsnefnd vita skriflega. Ef leiðbeinandi telur fullreynt og víst að doktorsnemi nái ekki að ljúka doktorsnámi ber leiðbeinanda að ráðleggja nema að skrá sig úr doktorsnámi eða sækja um í M.Phil. nám ef viðkomandi stenst kröfur sem þar eru gerðar.

Kennsluskrá, námskeið og málstofur

Upplýsingar um doktorsnám og námskeið Menntavísindasviðs eru í [Kennsluskrá](#) Háskóla Íslands.

Doktorsnemar Menntavísindasviðs skulu taka námskeið sem samsvara a.m.k. 30 ECTS. Heimilt er að sækja námskeið við Menntavísindasvið, önnur fræðasvið Háskólans og við aðra háskóla innanlands og erlendis. Doktorsverkefnið sjálft er 180 ECTS og skrá nemar sig í verkefnið á hverju misseri og fá fyrir það einingar sem safnast upp. Nemar geta ekki tekið meira en 90 ECTS áður en þau gangast undir áfangamat. Einingar fyrir doktorsverkefni endurspegla ekki endilega raunverulegt vinnuframlag hvers misseris heldur skulu 180 ECTS einingar dreifast nokkuð jafnt yfir námstímann.

Málstofur eru vettvangur fyrir doktorsnema og leiðbeinendur þeirra til að hittast, kynna og ræða um doktorsverkefni. Doktorsnemar kynna þar doktorsverkefni sín, gefa hver öðrum endurgjöf og fá endurgjöf frá leiðbeinendum um rannsóknarverkefni sín í heild eða að hluta til. Doktorsnemar skulu kynna verkefni sín á a.m.k. tveimur málstofum á námstímanum. Hluti af þeim 30 ECTS sem doktorsnemar taka í námskeiðum er 5 ECTS inngangsnámskeið fyrir nýja doktorsnema (UMD075F). Doktorsnemar eru hvattir til að taka þátt í málstofum þó þeir séu ekki sjálfir að kynna, til að leggja sitt af mörkum til samræðu um rannsóknir annarra doktorsnema. Æskilegt er að leiðbeinendur sækji málstofur a.m.k. þegar nemendur þeirra flytja framsögu.

Námskeiðið MVS211F, Rannsóknir og siðfræði, er skyldunámskeið í doktorsnámi við MVS. Námskeiðið er kennt á íslensku en boðið er upp á upp á þriggja eininga hraðnámskeið fyrir doktorsnema í siðfræði rannsókna (HSP073F) sem kennt er á ensku í fjarkennslu á þremur dögum áður en kennsla hefst á haustmisseri.

Námskeiðsval skal að öðru leyti vera í samráði við leiðbeinendur og þannig að það tengist rannsóknarsviði doktorsnemans sem best hvað varðar aðferðafræði og kenningar.

Menntavísindasvið er aðili að tengslanetinu [NorTED](#) og geta doktorsnemar sótt námskeið við norræna háskóla innan þess.

[Tungumálamiðstöð](#) Háskóla Íslands býður nemendum og starfsfólki tungumálanámskeið og námskeið í íslensku fyrir doktorsnema.

Fjármögnun

Fjármögnun doktorsnema er með ýmsum hætti, sjá [Frá umsókn til inntöku í nám](#). Um réttindi og skyldur doktorsnema með og án styrks, vísast til upplýsinga frá Mannauðssviði [hér](#). Hægt er að sækja um styrki, sjá nánar [Sjóðir og styrkir í Háskóla Íslands](#).

A til Ö í doktorsnáminu

Hagnýtar upplýsingar í stafrófsröð.

Alþjóðasvið Háskóla Íslands

Alþjóðasvið gefur upplýsingar um norræna styrki og Evrópustyrki (Erasmus+) fyrir doktorsnema til dvalar erlendis. Doktorsnemar Menntavísindasviðs skulu samkvæmt reglum sviðsins dvelja um nokkurt skeið við erlendan háskóla eða eiga annars konar sambærilegt formlegt samstarf við erlenda vísindamenn. Alþjóðasvið getur veitt nánari upplýsingar um erlenda háskóla sem formlegt samstarf er við.

Alþjóðasvið veitir doktorsnemum sem flytja til Íslands einnig margvíslega aðstoð, sjá [hér](#).

Doktorsnáman

Doktorsnáman er umsýslukerfi fyrir doktorsnám við Háskóla Íslands. Doktorsnemar skulu virkja aðgang sinn að Doktorsnámunni í upphafi náms með því að samþykkja viljayfirlýsingu sem birtist við innskráningu. Í Doktorsnámunni birtist yfirlit um doktorsnema og doktorsnefnd hvers og eins. Þar er hægt að senda inn ýmiss konar beiðnir, t.d. um námsleyfi eða samþykkt erlendra námskeiða. Doktorsnemar fylla út framvinduskýrslur í Doktorsnámunni en þeim skal skila til leiðbeinenda í gegnum kerfið fyrir 1. desember og 1. júní ár hvert. Skráðir doktorsnemar finna Doktorsnámuna undir [Ugla mín](#).

Leiðbeiningar um notkun Doktorsnámunnar eru í Uglu, fyrir þau sem skráð eru í doktorsnám.

Doktorsnámsnefnd

Doktorsnámsnefnd Menntavísindasviðs hefur það hlutverk að þróa doktorsnámið og tryggja að það standist alþjóðlegar kröfur. Nefndin hefur eftirlit og umsjón með náminu í samstarfi við deildir sviðsins, námskeiðahaldi og þeirri stjórnsýslu sem námið krefst. Nefndin fer yfir allar umsóknir sem berast um doktorsnám á sviðinu og ef þær standast kröfur er athugað hvort leiðbeinendur séu til staðar og umsækjendur boðaðir í viðtal. Doktorsnemar eiga fulltrúa í doktorsnámsnefnd úr stjórn Félags doktorsnema við Menntavísindasvið.

FEDON

Félag doktorsnema og nýdoktora við Háskóla Íslands ([FEDON](#)) eru regnhlífarsamtök sem vinna að hagsmunamálum doktorsefna og nýrannsakenda við Háskóla Íslands. FEDON er með síðu á [Facebook](#) og birtir reglulega fréttabréf.

Félag doktorsnema við Menntavísindasvið

Félag doktorsnema við Menntavísindasvið (MenntaDoc) var stofnað haustið 2007 og er markmið þess að vinna að hagsmunamálum doktorsnema og nýdoktora við sviðið. Félagið er með síðu á [Facebook](#). Fulltrúi doktorsnema í doktorsnámsnefnd er tilnefndur af stjórn MenntaDoc. Hlutverk viðkomandi er að spyrja spurninga og gefa álit sem endurspeglar hlið doktorsnema á ýmsum málum sem koma á borð doktorsnámsnefndar. Einnig geta doktorsnemar haft samband við viðkomandi ef vandamál koma upp og fengið fulltrúann með sér til stuðnings á fund með leiðbeinendum.

Framvinda og framvinduskýrslur

Fyrir 1. júní og 1. desember á hverju ári skal nemandi skila framvinduskýrslu í gegnum Doktorsnámuna. Tilgangurinn er að fá yfirlit yfir stöðu hvers og eins í náminu, eins og segir í 9. gr. Reglna um doktorsnám við Menntavísindasvið. Leiðbeinendur fá nokkra daga til að meta hvort bæta þurfi í framvinduskýrslu doktorsnema og geta sent hana aftur til nemans eða til sviðsins til samþykktar. Leiðbeinandi gefur samþykki sitt í sama kerfi fyrir 10. júní og 10. desember ár hvert. Framvinduskýrslur eru yfirfarnar af fulltrúum doktorsnámsnefndar og ef doktorsnemar sýna ekki viðunandi framvindu er þeim boðið í viðtal við doktorsnámsnefndarfulltrúa.

Höfundarréttur

Mikilvægt er að doktorsnemi og leiðbeinandi ræði í upphafi hvernig best sé að haga samvinnu og hvernig beri að meta vinnuframlag hvors um sig þegar þau birta vísindagreinar eða annað efni sem byggir á sameiginlegri vinnu þeirra út frá gögnum sem tengjast doktorsverkefninu. Hægt er að tilgreina hlut hvors um sig í rannsóknaráætlun og í sérstökum samningi þar um, sjá nánar [hér](#).

Í [siðareglum háskólanna um vísindarannsóknir](#) er m.a. fjallað um höfundarrétt í grein 4.5 þar sem segir: „Þeir einir sem lagt hafa eitthvað af mörkum til skjalfestingar, greiningar og ritunar vísindalegs efnis og bera ábyrgð á því í heild sinni skulu skráðir sem meðhöfundar.“

Leiðsögn við doktorsverkefni felur því ekki sjálfkrafa í sér að leiðbeinendur verði meðhöfundar við birtingu niðurstaðna. Til að leiðbeinandi eða annar einstaklingur geti talist meðhöfundur þarf sá hinn sami að hafa unnið að ritun handrits eða tekið verulegan þátt í endurskoðun þess og lokavinnslu og bera ábyrgð á greininni í heild. Alla jafna nægir ekki að gera athugasemdir við texta til þess að geta talist meðhöfundur.

Mat á fyrra námi

Hafi doktorsnemi sem hefur nám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands stundað annað sambærilegt og jafngilt háskólanám áður getur hann sótt um að fá það nám metið sem ígildi hluta náms á Menntavísindasviði. Þau sem sækja um doktorsnám geta ekki gengið út frá því að fyrra nám verði metið fyrir en ákvörðun liggur fyrir af hálfu doktorsnámsnefndar MVS.

Menntavísindastofnun

[Menntavísindastofnun](#) er rannsókn- og fræðastofnun sem er starfrækt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Starfsfólk stofnunarinnar aðstoðar fræðafólk sviðsins við rannsóknir, vinnur að greiningu og úrvinnslu gagna, sér um ráðstefnuhald, heldur utan um útgáfu fræðiritra og hefur umsjón með skipulagi doktorsnáms á sviðinu. Doktorsnemar geta leitað til Menntavísindastofnunar með aðferðafræðilegar spurningar, álitamál tengd persónuvernd, eða til að fá stuðning við gerð styrkumsókna.

Miðstöð framhaldsnáms

[Miðstöð framhaldsnáms](#) hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Á vef miðstöðvarinnar er að finna ýmsar upplýsingar um doktorsnám við Háskóla Íslands, reglur og faglegar kröfur. Miðstöðin styður doktorsnema og

leiðbeinendur með ýmsum hætti og heldur m.a. úti Verkfærakistu fyrir doktorsnema, sem eru hagnýt stutt námskeið eða kynningar fyrir doktorsnema, m.a. um starfsferil, tímastjórnun og fræðilega ritun. Sjá nánar [hér](#).

M.Phil.

Menntavísindasvið hefur nú leyfi til að bjóða upp á gráðuna M.Phil. fyrir þau sem þurfa að hætta doktorsnámi en hafa þó lokið hluta þess (30 ECTS í námskeiðum og sem svarar til 90 ECTS í lokaverkefni). Ekki er hægt að skrá sig í M.Phil. heldur þarf beiðni um það frá doktorsnefnd. Sjá nánar í [19. mgr. 69. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands](#). Samkvæmt Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður verður prófgráðan M.Phil. á háskólaprepi 3.1 en doktorspróf á háskólaprepi 3.2.

Náms- og starfsráðgjöf

Hægt er að bóka viðtal við ráðgjafa og sálfræðinga hjá [Náms- og starfsráðgjöf](#) Háskóla Íslands og þar er einnig hægt að bóka [viðtal við sálfræðing](#).

Námsáætlun

Í upphafi doktorsnáms skal gera námsáætlun þar sem fram kemur hvaða þekkingu og færni þarf til að nemandinn geti unnið verkefnið. Fram komi hvaða námskeið verði sótt og hvenær. Þá komi einnig fram hugmyndir um erindi á ráðstefnum og greinaskrif. Námsáætlun skal vera skrifleg og samþykkt af doktorsnefnd og doktorsnema. Samkvæmt 9. grein reglna um doktorsnám við Menntavísindasvið skal nemi innan eins árs frá upphafi námsins skila endurskoðaðri námsáætlun og rannsóknaráætlun til doktorsnefndar. Gera má ráð fyrir að námsáætlun taki breytingum á námstímanum. Námsáætlun er einungis milli doktorsnefndar og doktorsnema, ekki er þörf á að skila henni til doktorsnámsnefndar.

Námskeið erlendis og samningar vegna þeirra

Nemendur bera sjálf ábyrgð á, mögulega í samstarfi við leiðbeinendur eða aðra samstarfsfélaga, að finna námskeið erlendis. Gera þarf námssamning vegna erlendra námskeiða til að fá þau metin inn í nám við Háskóla Íslands. Þennan samning er að finna í Doktorsnámunni á Uglu. Sama á við ef óskað er eftir að námskeið eða greinaskrif sem nemandi hefur lokið fyrr á námsferlinum skuli meta inn í doktorsnámið, sjá kafla um [Mat á fyrra námi](#).

Rannsóknaráætlun

Doktorsnemi er tekinn inn í námið m.a. á grundvelli rannsóknaráætlunar sem fylgir umsókn. Í rannsóknaráætlun eru drög að fræðilegum bakgrunni rannsóknarinnar og áætlun um framkvæmd hennar. Samkvæmt 9. grein reglna um doktorsnám við Menntavísindasvið skal nemi innan eins árs frá upphafi námsins skila endurskoðaðri námsáætlun og rannsóknaráætlun til doktorsnefndar sinnar.

Ritver Háskóla Íslands

[Ritver](#) Háskóla Íslands býður aðstoð við fræðileg skrif. Hægt er að panta tíma en einnig eru haldnar reglulegar [vinnustofur doktorsnema](#).

Sameiginleg gráða

Doktorsnemar við Menntavísindasvið eiga þess kost að útskrifast með doktorsgráðu frá tveimur háskólum (e. joint degree) ef rök eru fyrir því. Ef doktorsnám er skipulagt sameiginlega með öðrum háskóla skal gerður um það sérstakur samningur. Þess er gætt að námið uppfylli sambærilegar gæða- og námskröfur og gerðar eru við Háskóla Íslands og að ábyrgð á gæðum námsins sé skýr. Miðstöð framhaldsnáms fer yfir og heldur utan um sértæka samstarfssamninga um doktorsnám. Sjá nánar [hér](#).

Siðareglur og meðferð persónuupplýsinga

Við Háskóla Íslands starfar siðanefnd sem hefur m.a. með höndum ráðgjöf um túlkun og umgengni við [siðareglur Háskóla Íslands](#).

Hægt er að leita ráða hjá [Menntavísindastofnun](#) um meðferð persónuupplýsinga og á vef stofnunarinnar er að finna [gagnlegar upplýsingar um persónuvernd](#).

[Siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir](#).

Sjóðir og styrkir í Háskóla Íslands

[Yfirlit um sjóði og styrki](#) fyrir nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands.

[Doktorsstyrkjasjóður](#) Háskóla Íslands er með umsóknarfrest í byrjun árs (janúar-febrúar).

Doktorsnemar við Háskóla Íslands geta sótt um [ferðastyrki](#). Menntavísindasvið veitir doktorsnemum sviðsins einnig styrki upp í ferðakostnað gegn greiðslukvittunum þrisvar á námsferlinum fyrir þá sem flytja erindi á erlendum ráðstefnum. Þá veitir sviðið styrk upp í kostnað vegna prentunar doktorsritgerðar. Verkefnastjórar veita nánari upplýsingar.

Aðrir sjóðir

Rannís heldur utan um m.a. [Rannsóknasjóð](#) sem er yfirleitt með umsóknarfrest í júní, og [Menntarannsóknarsjóð](#) með umsóknarfrest að hausti.

Umboðsmaður doktorsnema

Stöðu [umboðsmanns doktorsnema](#) hefur verið komið á fót við Háskóla Íslands. Hlutverk umboðsmanns er að veita doktorsnemum ráðgjöf og aðstoð varðandi mögulegar lausnir á vandamálum sem steðja að, upplýsa nema um réttindi þeirra og skyldur, stuðla að bættum samskiptum á milli doktorsnema og leiðbeinanda eða doktorsnefndar og leiðbeina um verkferla í doktorsnáminu.

Vinnuaðstaða

Þau sem eru ráðin við sviðið hafa forgang að vinnuaðstöðu með læstri hirslu en nemar án styrks geta einnig fengið aðstöðu ef hún er fyrir hendi. Doktorsnemi í fullu námi þarf að sýna fram á nýtingu á aðstöðunni, að jafnaði 2-3 daga í viku að lágmarki. Ef nemi er í 50% námi þurfa tveir að deila aðstöðu samkvæmt samkomulagi. Forsenda fyrir því að vinnuaðstöðu sé úthlutað er að aðstaðan sé til staðar og að beiðni berist frá doktorsnema í Doktorsnámunni.

Áfangamat – mikilvæg varða í doktorsnáminu

Allt um áfangamatið

Áfangamat

Doktorsnemi í fullu námi skal leggja fram rannsóknarverkefni sitt til áfangamats í síðasta lagi tveimur árum eftir að nám hófst. Doktorsnámsnefnd fær til umfjöllunar rökstutt álit frá leiðbeinendum um hvort veita skuli doktorsefni kost á að leggja rannsóknarverkefnið fram til mats, ásamt ágripri verkefnis og beiðni um skipan tveggja prófdómara og hvernig sérfræðipækking þeirra tengist verkefninu, með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara. Prófdómarar skulu hafa doktorspróf og vera sérfræðingar í efninu og skal a.m.k. annar þeirra vera utan Menntavísindasviðs. Beiðnin þarf einnig að gera grein fyrir tengslum doktorsnefndar/doktorsnema og prófdómara ef einhver eru enda mega þau ekki vera þess eðlis að hægt sé að draga hæfi prófdómara í efa. Þegar samþykki doktorsnámsnefndar liggur fyrir, skal umsjónarkennari hafa óformlega samband til að fá samþykki umbeðinna prófdómara. Þegar það liggur fyrir hefur verkefnastjóri doktorsnáms samband við prófdómara til að ákveða dagsetningu og annað skipulag.

Umsjónarkennari eða doktorsnemi sendir verkefnastjórum tilbúna skýrslu í sniðmáti doktorsritgerðar í síðasta lagi fimm vikum fyrir ákveðna dagsetningu áfangamats. Doktorsnefndarmeðlimir fá allir afrit af þeim pósti enda skal samþykki allra fyrir innsendri skýrslu liggja fyrir. Verkefnastjóri sendir prófdómurum skýrsluna ásamt nánari leiðbeiningum um hvernig áfangamat fer fram.

Gera má ráð fyrir að fullbúin skýrsla rannsóknarverkefnisins sé 40-60 síður. Gerð er grein fyrir fræðilegu baksviði, aðferðafræði, skipulagi og framkvæmd rannsóknarinnar, en jafnframt komi fram skýr rannsóknaráætlun, lýsing á uppbyggingu ritgerðarinnar og tímaáætlun.

Möguleg kaflaskipting til hliðsjónar:

Inngangur

- Kynning og afmörkun viðfangsefnis
- Stutt greinargerð um markmið og gildi viðfangsefnis
- Rök fyrir vali viðfangsefnis og hvernig það tengist reynslu eða áformum höfundar

Staða þekkingar

- Kenningarnálgun og skýringar á hugtökum, eftir því sem þörf er á
- Úttekt á fyrirliggjandi þekkingu úr rannsóknum annarra
- Lýsing á viðfangsefni í samhengi við fræðilegt yfirlit og niðurstöður um stöðu þekkingar
- Rannsóknarspurningar sem leitað er svara við eða álitamál sem varpa skal ljósi á

Aðferðir og aðferðafræði

- Aðferðafræði og rannsóknarsnið
- Uppbygging/snið verkefnisins

- Forathuganir
- Greinargerð um gagnaöflun
- Siðferðileg atriði
- Fyrirhuguð úrvinnsla gagna
- Takmarkanir verksins

Framkvæmdar- og tímaáætlun

Ef nemi fer svokallaða greinaleið skal fylgja lýsing á hverri grein sem áætlað er að skrifa, um hvað hún verður, hvaða gögn eru til notkunar og hvar birting er áætluð. Æskilegt er, eftir því sem kostur er, að fram komi hugmyndir um greinaskrif með eða án leiðbeinanda.

Heimildaskrá

Viðaukar

Markmið áfangamats

Meginmarkmið áfangamatsins eru að:

- Meta þekkingu og getu nema til að takast á við rannsókn á völdu sviði.
- Meta fræðilegt gildi fyrirhugaðrar rannsóknar.
- Tryggja að viðfangsefni fyrirhugaðrar rannsóknar sé vel skilgreint og að rannsóknin sé framkvæmanleg.
- Veita doktorsnema endurgjöf til að bæta rannsóknina og greina hugsanlega erfiðleika sem upp kunna að koma.

Skipan áfangamatsnefndar

Áfangamatsnefnd, sem í sitja tveir utanaðkomandi prófdómarar, leggur mat á rannsóknarverkefnið og frammistöðu doktorsnemans og skilar niðurstöðu til doktorsnámsnefndar um framhald. Í skýrslu um áfangamatið skal koma fram hvort breyta þurfi náms eða rannsóknaráætlun svo og hvort þekking doktorsnema og hæfni til rannsókna sé viðunandi.

Nefndina skipa:

- a) meðlimur doktorsnámsnefndar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar
- b) leiðbeinandi/leiðbeinendur og aðrir sérfræðingar í doktorsnefnd
- c) tveir sérfræðingar á viðkomandi rannsóknarsviði og að jafnaði utan Menntavísindasviðs sem standast sambærilegar kröfur og gerðar eru til leiðbeinenda.

Framkvæmd áfangamatsins

Við áfangamat heldur doktorsneminn 30-40 mínútna kynningu á rannsóknarverkefni sínu sem opin er öllu starfsfólki og nemum í framhaldsnámi á Menntavísindasviði. 20-30 mínútur eru síðan ætlaðar í fyrirspurnir og umræður. Áfangamat doktorsnema skal auglýst með tíu daga fyrirvara á vef Háskólans og Menntavísindasviðs.

Að lokinni kynningu hefst lokaður fundur doktorsnema með áfangamatsnefnd þar sem fjallað er um gæði rannsóknaráætlunarinnar og hæfni nema og getur hann staðið yfir í allt að tvær klukkustundir. Doktorsnemi getur óskað eftir leyfi til að taka fundinn upp. Prófdómararnir hafa áður lesið og lagt mat á skýrslu þá sem neminn leggur fram til áfangamats og haft ákveðin viðmið til hliðsjónar. Fyrir fundinn hafa þeir ráðgert með formanni áfangamatsnefndar hvernig þeir skipta með sér verkum á fundinum. Á fundinum sjálfum hafa prófdómarar orðið í fyrstu um álitamál í skýrslu nemans en nemi svarar fyrirspurnum þeirra og leiðbeinendur leggja orð í belg. Þegar umræðum um álitamál lýkur vikur nemi af fundinum á meðan áfangamatsnefndin kemur sér saman um niðurstöðu. Nema er síðan kynnt niðurstaðan um hvort hann/hún þarf að bregðast við athugasemdum og þá hvernig, hvenær og gagnvart hverjum. Auk doktorsnema og áfangamatsnefndar mætir verkefnisstjóri doktorsnáms á fundinn og ritar fundargerð. Meginreglan er að prófdómarar búsettir erlendis séu viðstaddir á fjarfundi.

Skýrsla um áfangamatið

Skýrsla um áfangamatið, sem formaður áfangamatsnefndar ber ábyrgð á og send er doktorsnema innan tíu daga frá athöfninni, hefur þann tilgang að skrásetja niðurstöðu áfangamatsins og ráðleggingar áfangamatsnefndar og leiðbeiningar til nemans sem hann þarf eftir atvikum að svara, nýta sér í rannsókninni eða bregðast við á annan hátt.

Í skýrslunni er niðurstaða valin úr lista yfir „Mögulegar niðurstöður áfangamatsnefndar“ (sjá neðar). Í skýrslunni kemur fram hvaða kröfur eru gerðar til nema um breytingar á rannsókn, innan hvaða tímamarka og gagnvart hverjum nemi skuli gera grein fyrir hvernig orðið verður við kröfunum (doktorsnefnd eða matsnefnd). Til viðbótar við eiginlegar kröfur getur skýrsla innihaldið ráðgjöf og leiðbeiningar. Í flestum tilvikum er frestur þrír mánuðir.

Mögulegar niðurstöður áfangamatsnefndar

- Rannsóknarskýrslan er samþykkt óbreytt. Ekki eru gerðar kröfur um endurbætur og nemi hvattur til að vinna áfram í samræmi við áætlun sína.
- Rannsóknarskýrslan er samþykkt með fyrirvara um lagfæringar. Nemi þarf að taka tillit til athugasemda matsnefndar og sýna doktorsnefnd sinni fram á að hann hafi gert það á viðunandi hátt innan þriggja mánaða. Ekki er þörf á að matsnefnd komi aftur að mati á verkefninu.
- Rannsóknarskýrslan er samþykkt með fyrirvara um lagfæringar. Nemi þarf að taka tillit til athugasemda matsnefndar og sýna henni fram á að hann hafi gert það á viðunandi hátt innan tiltekins tíma.
- Rannsóknarskýrslan er samþykkt með fyrirvara um nýtt mat. Nemi þarf að taka tillit til athugasemda matsnefndar og sýna fram á að hann hafi gert það á viðunandi hátt með annarri opinni kynningu og öðrum fundi með matsnefnd innan tiltekins tíma.
- Rannsóknarskýrslan er ekki samþykkt. Nema er ráðlagt að semja nýja skýrslu um rannsóknarverkefni sitt á nýjum forsendum eða að segja sig frá doktorsnámi.

Doktorsritgerðin – reglur um fræðileg skrif

Allt sem við kemur doktorsritgerðinni

Doktorsritgerð

Doktorsritgerð skal uppfylla kröfur um fræðilega/vísindalega aðferðafræði og vera frumlegt framlag til þekkingarsköpunar á sínu sviði.

Doktorsverkefni í formi vísindagreina

Þegar PhD-ritgerð er samsett af vísindagreinum skulu þær vera þrjár eða fleiri. Þegar ritgerð er lögð fram til varnar skulu að lágmarki tvær vera samþykktar til birtingar á alþjóðlegum, viðurkenndum ritrýndum vettvangi og a.m.k. ein grein í viðbót verið send í ritrýni. Skal doktorsnemi vera aðalhöfundur a.m.k. þriggja greinanna. Greinarnar ættu ekki allar að birtast í sama riti. Gagnlegar upplýsingar um val á áreiðanlegum tímaritum má finna [hér](#) og [hér](#).

Leggi doktorsnemi fram ritsmíð sem byggir á vísindagreinum eða köflum skal hann semja sérstaka yfirlitsgrein (kápu, e. synopsis/exegesis) þar sem hann gerir gagnrýna grein fyrir efni hverrar greinar fyrir sig og rökstyður gildi þeirra og framlag til þekkingar. Hann tengir efni greinanna saman í eina fræðilega heild og réttlætir samþættingu þeirra. Yfirlitsgreinin á einnig að fjalla um aðferðir og niðurstöður rannsókna. Í kápunni skal ekki endurbirta texta úr greinunum nema að litlu leyti heldur þarf að endurskrifa og skerpa á efni greinanna. Kápan skal hafa skírskotun til allra greinanna og veita dýpt í niðurstöður og þýðingu þeirra og framlag fyrir fræðasviðið til framtíðar. Jafnvel þó doktorsritgerð samstandi af vísindagreinum eða köflum, ber að líta á ritsmíðina sem eina heild. Yfirlitsgreinin gerir grein fyrir þeim kenningaramma og sjónarhorni sem notað er í ritgerðinni sem heild og ætti því að vera í smíðum allt frá byrjun doktorsnáms. Í yfirlitsgreininni skal ræða siðferðileg álitaefni. Viðmið um lengd yfirlitsgreinar er 40-60 bls. fyrir utan viðauka og heimildaskrá. [Hér](#) má finna gagnlegar ábendingar um fræðileg skrif.

Frágangur og skil doktorsritgerðar

Við frágang doktorsritgerðar skal koma skýrt fram í formála að verkefnið sé unnið við Háskóla Íslands, tilgreina skal leiðbeinendur, fræðasvið og rannsóknastofnun, ef við á, og geta skal þeirra sjóða háskólans og annarra aðila, sem styrkt hafa verkefnið, og þeirra stofnana eða fyrirtækja utan háskólans sem doktorsnemi hefur tengst við vinnslu þess. Forsíða ritgerðar skal bera merki (logo) Háskóla Íslands. Ef um sameiginlega doktorsgráðu er að ræða með öðrum háskóla eða háskólum samkvæmt samningi þar um, ber forsíða ritgerðar auðkenni beggja eða allra háskóla sem hlut eiga að máli. Að öðru leyti skal við umbrot ritgerðarinnar fylgt [sniðmáti](#) Menntavísindasviðs fyrir doktorsritgerðir.

Ef um ritgerð í formi vísindagreina er að ræða skulu greinarnar fylgja ritsmíðinni og nemiinn skal afla heimildar útgefanda þeirra sem þegar hafa birst fyrir fjölföldun þeirra. Ef einhverjar greinanna í ritgerðinni hafa meðhöfunda skal framlag doktorsnemans útskýrt sérstaklega í inngangi (sbr. kafla í sniðmáti sem heitir Declaration of contribution), sér í lagi krefst það útskýringa ef doktorsnemi er ekki aðalhöfundur greinarinnar. Tilgangur [Verklagsreglna um](#)

rafræn skil og vistun doktorsritgerða frá Háskóla Íslands er að tryggja að doktorsritgerðir frá Háskóla Íslands séu aðgengilegar, vistaðar og varðveittar rafrænt. Í varðveislusafninu Opin vísindi. Doktorsnemi skal vista stafrænt eintak lokaritgerðar á vefnum Opin vísindi fjórum vikum fyrir dagsetningu doktorsvarnar samkvæmt leiðbeiningum í fyrrnefndum verklagsreglum. Kjósi höfundur að hafa ritgerðina í læstum aðgangi skal hann skila einu prentuðu eintaki til Háskólabókasafns og einu eintaki til verkefnastjóra doktorsnáms við Menntavísindasvið.

Viðmið fyrir mat á doktorsritgerð

Andmælendur eru beðnir um að leggja alhliða mat á ritgerðina þar sem þeir segja skoðun sína á því hvort í ritgerðinni felist nýsköpun þekkingar, hvort efni ritgerðarinnar sé birtingarhæft í ritrýndu fræðariti og hvort framsetning og frágangur ritgerðarinnar, þar með talið meðferð heimilda og framsetning heimildaskrár, séu með viðunandi hætti.

Andmælendur eru beðnir að fjalla um eftirfarandi atriði:

Staða þekkingar og fræðilegur bakgrunnur	Ber yfirlit yfir stöðu þekkingar vott um yfirgripsmikla þekkingu á kenningum á fræðasviðinu og því sem skrifað hefur verið um viðfangsefnið? Sýnir doktorsefni færni til þess að greina fræðilegar heimildir og kenningar á gagnrýninn hátt?
Viðfangsefni	Fjallar ritgerðin um viðfangsefni sem er nógu víðfeðmt og margbrotið til að það uppfylli kröfur um doktorsgráðu?
Innra samræmi viðfangsefnis	Er rannsóknin á viðfangsefninu nægilega heildstæð?
Aðferðir	Sýnir doktorsefnið vald á viðeigandi rannsóknaraðferðum og/eða fræðilegu efni?
Birtingar	Ef ekki er um ritsmíð að ræða sem samanstendur af vísindagreinum: Geta einhverjir hlutar ritgerðarinnar, að mati andmælenda, myndað grunn að birtum greinum?
Framsetning	Er framsetning ritgerðarinnar fullnægjandi hvað varðar umfang, stíl og málfar?
Nýsköpun þekkingar	Skapar rannsóknin nýja þekkingu á sínu sviði?
Framkvæmd og framsetning	Uppfyllir ritgerðin fræðilegar kröfur um framkvæmd og framsetningu rannsóknar á viðkomandi sviði?
Samantekt	Er ritgerðin nægilega efnismikil miðað við að doktorsefnið hefur unnið að rannsókninni í fullu starfi í að minnsta kosti þrjú ár, eða yfir lengri tíma í hlutastarfi?

Þegar um er að ræða ritsmíð sem byggir á vísindagreinum er lagt mat á yfirlitsgreinina (kápuna), auk greinanna sem fylgja, og framlag nemans til hvers hluta og heildarinnar. Tillit er tekið til birtingarvettvangs og þess hvernig greinarnar og yfirlitskaflinn (kápan) mynda eina fræðilega heild.

Andmælendur skulu ákvarða niðurstöðu með því að merkja við eftirfarandi og eftir atvikum tilgreina þær breytingar sem þarf að gera svo ritgerðin verði tæk til varnar:

	Ritgerðin er tæk til varnar
	Ritgerðin er tæk til varnar ef ákveðnar breytingar verða gerðar
	Ritgerðin er ekki tæk til varnar

Ef annar eða báðir andmælendur hafna handriti doktorsritgerðar til doktorsvarnar er vísað til [verklagsreglu](#) þar um.

Doktorsvörnin – lokaskrefin stigin

Allt sem við kemur doktorsvörninni

Aðdragandi doktorsvarnar

Þegar doktorsnefnd telur ritgerð tæka til doktorsvarnar, sendir hún doktorsnámsnefnd rökstudda beiðni um doktorsvörn og rökstudda tillögu um tvo andmælendur. Beiðnir skal senda í Doktorsnámunni. Andmælendur eru skipaðir af doktorsnámsnefnd í umboði forseta sviðsins, með samþykki Miðstöðvar framhaldsnáms.

Andmælendur skulu vera viðurkenndir sérfræðingar í viðfangsefni doktorsritgerðarinnar. Þeir mega ekki hafa þau faglegu tengsl við doktorsnema eða doktorsnefnd sem valda því að hægt sé að draga hæfi þeirra í efa, sjá nánar í [Reglum um andmælendur við doktorsvarnir](#).

Áður en doktorsritgerð er send til andmælenda skal hún hafa verið prófarkalesin af fagaðila og heimildaskrá yfirfarin. Doktorsnemi eða umsjónarkennari sendir handrit ritgerðar, samþykkt af doktorsnefnd, til verkefnastjóra doktorsnáms. Verkefnastjóri doktorsnáms sendir andmælendum ritgerðina í trúnaði eftir að fulltrúi doktorsnámsnefndar hefur farið yfir handritið og samþykkt að það standist kröfur varðandi formgerð:

- Gerð er stikkprufa á málfari þar sem ritgerð á að vera prófarkalesin: Texti þarf að vera af þeim gæðum að hægt sé að birta ritgerðina, og töflur í réttu formi.
- Eru allir kaflar í efnisyfirliti til staðar?
- Eru allir hlutar sem mynda hryggjarstykki doktorsverkefnis til staðar (Markmið ritgerðar, rannsóknarspurningar, umfjöllun um hugtök, fræði, stöðu þekkingar, rannsóknarsnið, aðferðafræði, greining, niðurstöður, framlag ritgerðar til þekkingar)?
- Gerð er stikkprufa á heimildum: Er vísað til skráðra heimilda? Er heimildaskrá rétt?
- Er einhver greinanna á íslensku og þarf því að láta þýða?

Andmælendi skal ekki undir neinum kringumstæðum ræða ritgerðina eða aðra þætti matsferilsins við þriðja aðila nema að fengnu samþykki doktorsnámsnefndar.

Andmælendur fá ritgerðina í hendur a.m.k. fjórum mánuðum áður en fyrirhuguð vörn fer fram. Sex vikum síðar skulu þeir hafa sent rökstudda umsögn um hvort þeir telji að ritgerðin sé tæk til varnar ásamt ábendingum um nauðsynlegar breytingar séu þær einhverjar. Doktorsnemi tekur afstöðu til þeirra, ásamt leiðbeinendum, og gerir grein fyrir afstöðu sinni í skýrslu til andmælenda innan eins mánaðar. Forsendur þess að doktorsvörn sé haldin er að doktorsnemi hafi gert viðunandi lagfæringar að mati andmælenda og leiðbeinenda.

Doktorsnemi skal skila ritgerð sinni eins og kveðið er á um í 12. grein í reglum um doktorsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sjá nánar í viðauka: [Gátlisti doktorsnema fyrir doktorsvörn](#).

Leiðbeinendur mega hafa í huga að ef sérþekking andmælenda getur nýst öðrum doktorsnemunum og fræðafólki t.d. í formi málstofu eða fyrirlesturs, má hugsanlega lengja dvöl viðkomandi andmælenda. Skipuleggja mætti slíkt í samstarfi við aðra úr rannsóknarhópi eða deild.

Doktorsvörn

Markmið doktorsvarnar

Meginmarkmið doktorsvarnar er að efna til faglegar umræðu milli andmælenda og doktorsefnis um doktorsverkefnið sem tekið er til varnar. Doktorsefni þarf þar bæði að sýna fram á þekkingu sína á viðfangsefninu og hæfni til fræðilegrar rökræðu um það.

Undirbúningur og tímaáætlun vegna doktorsvarnar

Tímaáætlun	Atburður	Ábyrgð	Framkvæmd	Skjalfest gögn
Sex mánuðum fyrir vörn	Doktorsnefnd sendir beiðni til doktorsnámsnefndar um að ritgerðin verði lögð fram til varnar. Tillaga um andmælendur. Beiðnir sendar í Doktorsnámunni.	Umsjónarkennari og doktorsnefnd	Umsjónarkennari	Stutt greinargerð, ritgerð ef hún er tilbúin. Tillaga um andmælendur með starfsferilsskrám þeirra.
Minnst fimm mánuðum fyrir vörn	Doktorsnámsnefnd ræðir beiðni doktorsnefndar	Formaður doktorsnámsnefndar	Doktorsnámsnefnd	Fundargerð doktorsnámsnefndar.
Minnst fimm mánuðum fyrir vörn	Beiðni um samþykki fyrir skipun andmælenda sent Miðstöð framhaldsnáms	Stjórn Miðstöðvar framhaldsnáms	Verkefnastjóri doktorsnáms	Samþykki Miðstöðvar framhaldsnáms fyrir skipun tiltekinna andmælenda.
Minnst fjórum mánuðum fyrir vörn	Forseti skipar andmælendur.	Formaður doktorsnámsnefndar	Verkefnastjóri doktorsnáms	Skipunarbréf til andmælenda. Þeim er send ritgerðin og leiðbeiningar um athöfnina.
Tveimur og hálfum mánuði fyrir vörn	Skýrsla andmælenda með athugasemdum um doktorsritgerðina.	Andmælendur	Verkefnastjóri doktorsnáms kallar eftir skýrslu.	Skýrsla/skýrslur andmælenda.
Einum og hálfum mánuði fyrir vörn	Doktorsefni bregst við athugasemdum og lagfærir.	Doktorsefni	Doktorsefni	Endurskoðuð ritgerð send doktorsnefnd og andmælendum.
Einum mánuði fyrir vörn	Andmælendur og doktorsnefnd samþykkja ritgerð endanlega til varnar. Tilkynning send til Miðstöðvar framhaldsnáms og Nemendaskrár um doktorsvörn	Aðalleiðbeinandi Verkefnastjóri	Aðalleiðbeinandi verkefnastjóri doktorsnáms	Tilkynning um doktorsvörn til Miðstöðvar framhaldsnáms og Nemendaskrár.
Fjórum vikum fyrir vörn	Ritgerð liggur frammi eins og reglur segja til um.	Doktorsefni	Doktorsefni Verkefnastjóri doktorsnáms	

Lýsing á doktorsvörninni

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands er varin og metin í samræmi við reglur háskólans um doktorsgráður. Ritgerðin er varin við athöfn sem opin er almenningi og hefur verið auglýst með a.m.k. viku fyrirvara. Einkunn er ekki gefin fyrir doktorsvörn eða doktorsritgerð.

Deildarforseti eða fulltrúi hans stýrir athöfninni. Þeir sem virkan þátt taka í athöfninni skulu ganga til varnar í þeirri röð að forseti fræðasviðsins og forseti viðkomandi deildar fara fremst með doktorsefni sér við hlið, síðan koma andmælendur og doktorsnefnd fylgir þar á eftir.

Forseti sviðsins setur athöfnina og býður deildarforseta að taka við stjórn athafnarrinnar. Deildarforseti kynnir sig, doktorsefni og andmælendur stuttlega og skýrir frá heiti ritgerðarinnar. Síðan greinir hann frá því hvernig doktorsvörnin fer fram, segir frá framsögu doktorsefnis og yfirferð andmælenda. Deildarforsetinn getur þess hverjir leiðbeinendur doktorsefnis eru og hverjir sitji í doktorsnefnd.

Vörnin hefst á fyrirlestri doktorsefnis sem kynnir rannsóknarverkefni sitt. Til þess eru gefnar um 30 mínútur. Deildarforseta er heimilt að stöðva framsögu doktorsefnis ef farið er fram yfir tilskilinn tíma.

Doktorsefni skal þakka Háskóla Íslands fyrir að taka doktorsritgerðina gilda til varnar annað hvort í upphafi eða lok máls síns.

Andmælendur taka til máls hvor á eftir öðrum samkvæmt fyrir fram gerðu samkomulagi þeirra og geta þeir hagað yfirferð yfir rannsóknarefni og ritgerð doktorsefnis að vild. Andmælendur gera grein fyrir styrkleika og veikleika ritgerðarinnar og leggja síðan fram afmarkaðar spurningar sem doktorsefni bregst við jafnharðan þannig að eðlileg rökræða og skoðanaskipti skapist milli andmælenda og doktorsefnis.

Deildarforseti tilkynnir síðan að andmælendur, sviðsforseti og deildarforseti muni víkja frá til að fjalla um hvort ritgerðin og vörnin skulu dæmd gild. Þegar niðurstaða er fengin koma sviðsforseti, andmælendur og deildarforseti aftur til salar, og deildarforseti og andmælendur ganga til sæta sinna eða á svið salarins.

Ef einhverjir dómnefndarmenn hafna veitingu doktorsnafnbótar eftir doktorsvörn, gildir [verklagsregla](#) þar um.

Deildarforseti tilkynnir nú hvort ritgerðin og vörnin hafi verið dæmd gild og ef svo er les hann doktorsskjalið, réttir hinum nýja doktor skjalið og færir fram heillaóskir sínar. Andmælendur geta því næst fært fram heillaóskir sínar.

Deildarforseti gefur nú doktornum orðið. Hinn nýi doktor þakkar deildarforseta fundarstjórnina, þakkar andmælendum þeirra störf og öðrum þeim er hann kys að færa opinberar þakkir. Loks skal doktorinn þakka Háskóla Íslands þann heiður sem honum er sýndur með því að sæma hann doktorsgráðu og óskar háskólanum velfarnaðar.

Deildarforseti þakkar doktorsefni fyrir framsögu og vörn. Hann þakkar andmælendum sérstaklega fyrir þeirra framlag og þeim sem hlýddu á vörnina. Deildarforseti slítur athöfninni.

Að loknu doktorsprófi er nýdoktorum og nánustu fjölskyldu hans, andmælendum, sviðs- og deildarforseta og doktorsnefnd boðið til stutts samsætis í doktorsherbergi.

Viðaukar

Samningur doktorsnema og leiðbeinanda, bls. 29.

Eyðublað fyrir fundargerð, bls. 30.

Gátlisti fyrir doktorsnema í aðdraganda doktorsvarnar, bls. 31.

Skriflegt samkomulag í upphafi doktorsnáms

Þau sem gera þennan samning eru:

Aðalleiðbeinandi:

og

Doktorsnemi:

Hver boðar fundi:

- Aðalleiðbeinandi
- Annar, hver?

Hvað er stefnt á marga fundi á ári?

Aðilar hafa undirritað samkomulag um rannsóknarsamstarf.

- Já (tilgreinið dagsetningu)
- Nei
- Á ekki við

Aðilar heita því að leita sem fyrst til doktorsnámsnefndar og/eða umboðsmanns doktorsnema ef til ágreinings kemur.

Menntavísindasvið tryggir doktorsnema leiðbeinanda í fjögur ár og þarf því að framlengja þennan samning ef doktorsnám stendur lengur. Hvenær verður þetta samkomulag endurskoðað næst?

Dagsetning og undirskrift

Skýrsla (fundargerð) um fund nema og leiðbeinanda

Skýrslur um fundi nema og leiðbeinenda skal ávallt skrifuð af nema, send til leiðbeinenda sem gera athugasemdir eftir því sem við á.

Nöfn leiðbeinenda:

Nafn nema:

Dagsetning, staður og tímalengd fundar:

Viðstaddir:

Helstu efnispættir til umræðu/dagskrá fundarins:

Helstu ákvarðanir teknar:

Stutt lýsing á áætluðu framhaldi:

Dagsetning næsta leiðsagnarfundar:

Áætluð eða líkleg umræðuefni:

Aðrar athugasemdir/minnispunktar:

Gátlisti doktorsnema fyrir doktorsvörn

Í aðdraganda varnar:

Sniðmát doktorsritgerða MVS má finna á Ugluvef doktorsnáms MVS, fyrir skráða doktorsnema.

Miðað skal við að álit doktorsnefndar um varnarhæfi og beiðni um andmælendur liggi fyrir doktorsnámsnefnd 6 mánuðum fyrir áætlaða doktorsvörn. A.m.k. 4 mánuðum fyrir áætlaða doktorsvörn þurfa andmælendur að hafa verið samþykktir af doktorsnámsnefnd og Miðstöð framhaldsnáms. Þeir hafa 6 vikur til að lesa handrit doktorsvarnar og koma með álit sitt. Sjá nánar tímalínu fyrir doktorsvörn í handbók.

Doktorsefni skal skila skýrslu um þær breytingar sem gerðar hafa verið á ritgerðinni ásamt viðbrögðum við öðrum athugasemdum andmælenda.

Rafrænu eintaki af endanlegri gerð doktorsritgerðar skal skilað a.m.k. tveimur vikum fyrir vörn í samræmi við leiðbeiningar. Kjósi höfundur að hafa ritgerðina læsta skal hann skila einu prentuðu eintaki til Háskólabókasafns og einu eintaki til Menntavísindasviðs.

Doktorsefni þarf að tryggja í samráði við Landsbókasafn að fengið sé ISBN-númer. Ef prenta þarf ritgerð skal doktorsefni hafa samband við prentsmiðju svo að nauðsynleg prentuð eintök liggi fyrir tveimur vikum fyrir vörn.

Ef doktorsefni er ekki með ORCID auðkenni skal skrá það.

Skila skal endanlegri doktorsritgerð á vefinn Opin vísindi í síðasta lagi tveimur vikum fyrir vörn, sjá leiðbeiningar.

Í kynningarskyni skilar doktorsefni texta um sig og um verkefnið á íslensku og ensku til verkefnastjóra doktorsnáms u.þ.b. mánuði fyrir vörn í síðasta lagi. Verkefnastjóri kemur á samskiptum doktorsefnis og ljósmyndara HÍ til að taka mynd af doktorsefni fyrir kynningarefni. Fréttatilkynning er hugsanlega send út í samráði við kynningarstjóra MVS fyrir eða eftir vörn.

Fyllið út í þetta eyðublað til samþykkis birtingar á phd.hi.is.

Vörnin sjálf:

Vera tilbúin(n) með um hálf tíma kynningu á doktorsverkefninu. Hafið glærur í sniðmáti Háskóla Íslands (glaerukynningar-grunnur_en.pptx).

Á tveggja tíma æfingu fyrir vörn (daginn áður eða nokkrum dögum áður) er farið yfir athöfnina og hvernig hún mun fara fram. Doktorsefni hefur um klukkustund til að fara yfir kynninguna og æfa sig með leiðbeinanda eða öðrum.

Mæta tímanlega á varnardeg.

Vera búin(n) að setja kynningu í púlttölvu vel áður en vörn hefst.

Ljósmyndari tekur myndir af doktorsefni, sviðs- og deildarforseta, leiðbeinendum og andmælendum fyrir framan Hátíðarsal rétt áður en athöfn hefst.

Doktorsnemi gengur fyrst inn við hlið sviðsforseta eða staðgengils sem opnar athöfnina.

Doktorsnemi skal þakka Háskóla Íslands fyrir að taka doktorsritgerðina gilda til varnar annað hvort í upphafi eða lok kynningar sinnar.

Doktorsnema er ráðlagt að hafa eintak af endanlegri doktorsritgerð hjá sér í púltinu eða rafrænt eintak í púlttölvu til að liðka fyrir samtali við andmælanda um tiltekin atriði í ritgerðinni.

Eftir að hinn nýi doktor hefur fengið nafnbótina skal hann þakka deildarforseta fundarstjórnina, andmælendum þeirra störf og öðrum þeim er hann kýs að færa opinberar þakkir. Loks skal doktorinn þakka Háskóla Íslands þann heiður sem honum er sýndur með því að útnefna hann til doktorsgráðu og óskar háskólanum velfarnaðar.

Eftir athöfnina er nýdoktornum og nánustu fjölskyldu hans (maka, foreldrum og börnum), andmælendum, sviðs- og deildarforseta og doktorsnefnd boðið til stutts samsætis í doktorsherbergi.